



## Fundur háskólaráðs 5. september 2002

### Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 02.09.2002  
Dags: 05.09.2002

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (600169 2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4302/4303/4041  
Fax: 525 4038

14/2002

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, fimmtudaginn 5. september var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

Mættir voru: Páll Skúlason, Hörður Sigurgestsson, Þórður Harðarson, Stefán Svavarsson, María Guðmundsdóttir, Davíð Gunnarsson, Anna Soffía Hauksdóttir, Jóhannes R. Sveinsson og Hjalti Hugason.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram minnisblað um væntanlegar breytingar á nýtingu húsnæðis í Háskóla Íslands.
- 1.2 Lagt fram bréf til menntamálaráðuneytis vegna kaupa og sölu eigna Háskólans.
- 1.3 Lögð fram yfirlýsing norrænna háskólastjórnenda á ráðstefnu í Tromsö 15.–17. ágúst 2002.
- 1.4 Lagt fram bréf frá rektor vegna skipunar nefndar um akademískar nafnbætur.
- 1.5 Lagt fram yfirlit um úthlutun úr Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands vegna haustmisseris 2002.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Rekstur fasteigna Háskólabíós.  
Rætt um rekstur húsnæðis Háskólabíós í kjölfar útleigu á aðstöðu til kvikmyndasýninga.
- 2.2 Lögð fram tillaga stjórnarsýslusviðs að almennum verklagsreglum um meðferð mála í stjórnarsýslu Háskóla Íslands.  
Málið var rætt.
- 2.3 Skipan tveggja nýrra fulltrúa í Samráðsnefnd um kjaramál. Rektor lagði fram tillögu um að Guðmundur R. Jónsson, prófessor í verkfræðideild, taki við formennsku í nefndinni af Gísla Má Gíslasyni og að Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Háskólans, taki sæti Eddu Magnúsdóttur. Gunnlaugur H. Jónsson situr áfram í nefndinni.  
- Samþykkt samhljóða.
- 2.4 Lögð fram tillaga rektors um málefni starfsmannasviðs Háskóla Íslands.  
- Samþykkt einróma.
- 2.5 Tillaga að skipan í ráð um málefni fatlaðra.  
Sbr. 4. gr. reglna um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands samþykktar í háskólaráði 26. júní 2002.  
Ásdís Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri í guðfræðideild, tilnefnd af skrifstofustjórum deilda.  
Davíð Gunnarsson, tilnefndur af Stúdentaráði.  
Gísli Fannberg, verkefnisstjóri, tilnefndur af kennslusviði.  
Lilja Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri, tilnefnd af starfsmannasviði.

Rannveig Traustadóttir, dósent í félagsvísindadeild, tilnefnd af Félagi prófessora og Félagi háskólakennara.

Valþór Sigurðsson, byggingastjóri, tilnefndur af rekstrar- og framkvæmdasviði.

Fast sæti í ráðinu eiga:

Jafnréttisfulltrúi Háskólans,

Skrifstofustjóri námsráðgjafar,

Ráðgjafi sem hefur umsjón með málefnum fatlaðra hjá námsráðgjöf Háskóla Íslands.

- Samþykkt einróma.

2.6 Lagt fram minnisblað varðandi skipun nefndar um starfshætti dómnefnda, sbr. tillögu Páls Sigurðssonar á 7. háskólafundi.

Málið var rætt og því frestað til næsta fundar.

2.7 Lögð fram tillaga Mörgu Thome f.h. heilbrigðisvísindaeilda um þróun ráðgjafamiðstöðvar við Háskóla Íslands í töl- og aðferðafræði.

Rektor lagði til að málinu verði vísað til formannanefndarinnar.

- Samþykkt einróma.

2.8 Tillaga rektors, um að stofnuð verði markaðs- og kynningarnefnd undir forystu varaforseta háskólaráðs, Önnu Soffíu Hauksdóttur.

- Samþykkt einróma.

### 3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Tillaga lagadeildar að reglum fyrir nám til prófgráðunnar “LL.M. in International and Environmental Law”, sbr. samþykkt deildarfundar lagadeildar 2. júlí sl.

Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri stjórnslusviðs, gerði grein fyrir framlagðri tillögu lagadeildar sem áður var lögð fram á fundi háskólaráðs 22. ágúst sl. en hefur verið endurskoðuð milli funda. Tillagan var rædd.

- Samþykkt einróma.

3.2 Drög að úrskurði háskólaráðs í máli Elínar Lóu Kristjánsdóttur, dags. 3. ágúst 2002, vegna beiðni um undanþágu til innritunar í Háskólann.

Málið var rætt. Úrskurðarorðin eru: „Staðfest er sú ákvörðun framkvæmdastjóra kennslusviðs Háskóla Íslands, að hafna umsókn Elínar Lóu Kristjánsdóttur um skrásetningu í Háskóla Íslands, háskólaárið 2002-2003.

- Samþykkt samhljóða.

3.3 Nýr kennslusamningur og útfærsla rannsóknasamnings – staða mála.

Rektor reifaði stöðu samninganna. Í máli rektors kom m.a. fram að lítið hefur gerst af hálfu menntamálaráðuneytisins varðandi endurnýjun kennslu-samningsins. Í væntanlegum viðræðum um nýjan samning mun Háskólinn m.a. leggja áherslu á sérstöðu fámennra greina, t.d. í raunvísindadeild, heimspekideild og guðfræðideild.

Þá eru viðræður um gerð rannsóknalíkans samkvæmt rannsóknasamningi ekki hafnar.

### 4. Önnur mál

4.1 Útfærsla á samþykkt háskólaráðs frá 26. og 28. júní sl. um tilfærslu starfspátta háskólakennara við 55 og 60 ára aldur.

Rektor reifaði málið og lagði fram svohljóðandi tillögu:

„Við framkvæmd og útfærslu reglna um aldurs- og árangurstengda tilfærslu á vinnuskyldu ber að taka tillit til heildarframlags kennara á starfsferli þeirra við Háskóla Íslands.”

Fleira var ekki gert.  
Fundi slitið kl. 15.20

Að fundi loknum fóru ráðsmenn í skoðunarferð í Náttúrufræðahús í Vatnsmýrinni.